

Fundargerð: Stjórnarfundur 14. apríl 2026

Fundinn sátu: Guðrún G, Sigrún G, Ása Elisa og Kolbrún.

Umræðuefni:

- Bókasafn félagsins
- Undirbúningur fyrir aðalfund 19. apríl nk.

Bókasafn félagsins er komið til Guðrúnar þar sem Sigríður Þorbergsdóttir þurfti að losa bókasafnið frá sér. Það er nú geymt tímabundið hjá Guðrún þangað til fundinn hefur verið varanleg lausn. Ákveðið var að kalla eftir hugmyndum og ræða frekar um hvað skal gera við bókasafnið á næsta aðalfundi þann 19. apríl nk.

Hugmyndir sem komu fram á fundinum voru:

- Eiga bækurnar að vera aðgengilegar á opinberu safni?
- Gætum við haft eitthvað úrval af bókum í Lífspekifélaginu?
- Það þarf að fara í gegnum bækurnar og flokka.
- Upplýsingar um bækurnar eru til á drifi.
- Er einhver í félaginu sem vill hýsa bækurnar?

Aðalfundur 19. apríl.

- Ársskýrslan er tilbúin -Guðrún og Ása
- Sigrún verður með innlegg um ferð sína til Gotheanum sl. nóvember.
- Kolbrún segir frá því sem hefur verið á dagkrá í vetur og hvað er á döfinni.

Boðið verður upp á súpu og kaffi eftir aðalfundinn.

